

Tilmæli 27/2023

Tillaga

Afgreiðsla

A 1938/UHN

Norræna sjálfbærninefndin

## Nefndarálit um svar við tilmælum 27/2023 um sameiginlegt átak um matvælaöryggi á Norðurlöndum (A 1938/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 27/2023 um sameiginlegt átak um matvælaöryggi á Norðurlöndum til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

### Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að samhæfa betur rannsóknir og þróun á lífrænni ræktun og nytjaræktun auk ráðgjafar um ræktun sem tekur tillit til breyttra gróðuráðstæðna vegna loftslagsbreytinga á Norðurlöndum
- að auka fæðuöryggi og sjálfsnægtastig Norðurlandabúa svo að löndin verði betur í stakk búin til að mæta loftslagsbreytingum, betur vernduð gegn kreppum og viðsjám og betur búin til að halda uppi sjálfbærri búfjárrækt og nytjarækt þrátt fyrir nýjar gróðuráðstæður,
- að stuðla að því að norræna erfðaauðlindastofnunin NordGen haldi áfram að treysta fæðuöryggi á Norðurlöndum með hliðsjón af loftslagsbreytingunum og að þróa hlutverk hennar áfram

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt fagnar tilmælum 27/23 og deilir þeirri skoðun Norðurlandaráðs að í norrænu löndunum sé grundvöllur til að auka sjálfsnægtastig. Það á sérstaklega við um ræktun, sem í dag

er á Norðurlöndum að miklu leyti háð innflutningi til dæmis belgjurta eða nýrra matvæla. Annar mikilvægur þáttur er að tryggja stöðugar alþjóðlegar aðfangakeðjur. Hér ber þó að taka fram að mikill munur er á sjálfsnægtastigi norrænu landanna.



Þörfin hefur orðið brýnni í kjölfar stríðsins í Úkraínu og kórónuveirufaraldursins, sem hafa skapað óöryggi og sett þrýsting á fæðuöryggi og aðfangakeðjur um allan heim, ekki síst á Norðurlöndum.

Líkt og Norðurlandaráð telur Norræna ráðherranefndin þróun og rannsóknir á lífrænni ræktun og nytjaræktun vera svið sem norrænu löndun þurfi að samræma í auknum mæli milli landanna.

Með því að gera rannsóknir og skapa trausta ræktun í sameiningu verða Norðurlönd til langs tíma betur búin til að mæta loftslagsbreytingum sem ógna fæðuöryggi.

Traust ræktun matvæla skapar með öðrum orðum betri grundvöll fyrir sjálfsnægt og minnkar berskjöldun norrænu landanna gagnvart utanaðkomandi ógnum, þar á mebioökonomi ðal stríði, loftslagsbreytingum, minnkaðri líffræðilegri fjölbreytni og faröldum á borð við Covid-19.

Í tilmælunum kemur einnig fram að Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS) og Norræna nefndin um landbúnaðarrannsóknir (NKJ) hafa unnið að skýrslu fjallar sérstaklega um viðnámsprótt í norrænu löndunum.

MR-FJLS (fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt) kallaði eftir gerð skýrslunnar í Tromsø árið 2022 og niðurstaðan var lögð fyrir MR-FJLS í Reykjavík 2023.

Í skýrslunni eru lagðar fram ýmsar tillögur að því hvernig auka má viðnámsprótt norrænu lífhagkerfanna. Tillögur skýrslunnar eru eftirfarandi:

- 1) Að gera samnorrænan vegvísi um viðnámsprótt lífhagkerfanna.
- 2) Að auka viðnámsprótt virðisdeðja norrænna lífhagkerfa.
- 3) Að greiða fyrir miðlun gæðaupplýsinga milli Norðurlanda.
- 4) Að auka þekkingarmiðlun og samstarf um norræn „krísusamskipti“.
- 5) Að samþætta tilmæli nýrrar samstarfsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árin 2025-2030.

Lesi má skýrsluna hér: [resiliens-PB.pdf](https://resiliens-PB.pdf) ([nordicagriresearch.org](https://nordicagriresearch.org)).

Því má einnig bæta við að EK-FJLS (landbúnaður og skógrækt) ákvað í nóvember 2023 að úthluta meiri fjármunum til SNS/NKJ fyrir áframhaldandi vinnu að málefnum viðnámspróttar á Norðurlöndum. Einnig ber að nefna að viðnámspróttur er eitt af þremur meginmarkmiðum samstarfsáætlunar FJLS sem verða í forgangi í norrænu samstarfi MR-FJLS næstu sex ár fram til 2030.

Til að auka viðnámsprótt Norðurlanda gagnvart loftslagsbreytingum og öðrum ógnum er meginmarkmið Norrænu auðlindastofnunarinnar (NordGen) að stuðla að því að tryggja langtímafæðuöryggi norrænu landanna.

Erfðaauðlindabanki NordGen er meðal annars aðgengilegur ræktendum og vísindamönnum sem vinna að því að þróa nýjar og þróttmiklar plöntun sem eru sérstaklega aðlagðar til að standast loftslagsbreytingar og stuðla að umhverfisvænum landbúnaði.



Starf og fræsöfnun NordGen er ekki heldur í föstum skorðum. Vísindamenn og ræktendur vinna stöðugt að því að rækta og þróa nýjar tegundir sem búa yfir meiri viðnámsþrótti gagnvart loftslagsbreytingum. NordGen vinnur sérstaklega hörðum höndum að því að byggja upp safn skyldra villtra tegunda nytjaplantna og sjávar- og nytjaplantna sem minna eru notaðar. Þess er vænst að þessi þróun hafi mikla þýðingu í framtíðinni er loftlagsaðstæður hafa breyst og eigi þar með þátt í því að efla norrænt viðnámsþol og fæðuöryggi.

Hvað varðar spurningu Norðurlandaráðs um samræmingu rannsókna og þróun lífrænnar ræktunar og nytjaræktunar hafa viðnámsþrótt gagnvart loftslagsbreytingum má taka fram að eitt þeirra sviða sem NordGen einblínir nú á er þróun ýmissa belgjurta.

Miklir möguleikar eru fólgnir í nýtingu belgjurta til að stuðla að sjálfbærri landnotkun vegna getu þeirra til að binda köfnunarefni. Auk þess geta belgjurtir verið mikilvægur próteingjafi. Loks eru belgjurtir auðveldar í ræktun fyrir bæði heimaræktendur (samanber tilmæli 20/23) og matvælaframleiðendur. Belgjurtir eru því mjög áhugaverður kostur þegar krísuástand ríkir á Norðurlöndum. Ertur og bóndabaunir eru á meðal gagnlegustu belgjurtanna þar sem þær eru afar próteinríkar. NordGen geymir 141 hestabaunir og 2500 ertur í safni sínu. NordGen vinnur með virkum hætti af því að stækka safn belgjurta til að geta eflt aðgerðir enn frekar í átt að grænum umskiptum. Ræktun belgjurta á Norðurlöndum getur um leið gefið Norðurlandabúum tryggari aðgang að loftlagsvænum matvælum. Belgjurtir eru ásamt grænmeti meðal þeirra vörflokka sem eru mest háðir innflutningi.

Líkt og Norðurlandaráð bendir á tekur NordGen virkan þátt í norrænu samstarfi opinberra aðila og einkaaðila um forkynbætur. Áætlunin er norrænt flaggskipsverkefni sem hefur skýr áhrif og skilar árangri. Samningur áætlunarinnar var nýlega framlengdur um þrjú ár til ársins 2026. Auk skrifstofustarfa tekur NordGen þátt í flestum verkefnum áætlunarinnar og mun halda því áfram á næsta tímabili.

Árið 2024 mun NordGen halda ráðstefnu um erfðaauðlinda húsdýra í Uppsölum. Þema ráðstefnunnar verður að gefa upplýsingar um stöðu norrænna dýrategunda og greina möguleika og áskoranir í tengslum við vernd og nýtingu erfðaauðlinda húsdýra á Norðurlöndum. Erfðaauðlindir húsdýra eru mikilvægar til að tryggja matvælakerfi framtíðarinnar og viðnámsþol á Norðurlöndum.

Sjálfbær landbúnaður, fæðuöryggi, sjálfsnægt og viðnámsþróttur eru málefnasvið sem Norræna ráðherranefndin leggur mikla áherslu á. Þar er vert að nefna sérstaklega tvö verkefni sem unnið er að í tengslum við framtíðarsýnina, þ.e. annars vegar „Lífhagkerfi sem knýr áfram hagvöxt og græn umskipti í dreifbýli“ og hins vegar „Heilsusamleg og traust fæðukerfi“. Fjárveiting vegna þessara tveggja verkefna nemur tæpum 25 milljónum danskra króna og kemur til útborgunar árin 2021–2024. Í kjölfar

viðbúnaðarástandsins er sérstök áhersla lögð á aðra próteingjafa í lífhagkerfisáætluninni, þar á meðal með plöntukynbótum og plöntunæringu, sem mun stuðla að auknu viðnámspoli á Norðurlöndum.



Viðnámspol, viðbúnaður og fæðuöryggi eru einnig mikilvægir þættir í formennskuáætlun Svíþjóðar fyrir FJLS-sviðið árið 2024, sem og samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2025-2030.

*Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.*

## **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna sjálfbærnefndin skráir hjá sér svar Norrænu ráðherranefndarinnar með ánægju og fagnar hinni miklu vinnu og áherslu á að tryggja viðnámspol og sjálfbæra matvælaframleiðslu í framtíðinni á Norðurlöndum. Eins og fram kemur í svarinu er þetta svið í þróun og áætlanir eru um að auka aðgerðir í framtíðinni. Nefndin vonast til að aðgerðirnar leiði til skýrra niðurstaðna á Norðurlöndum í heild sinni, sérstaklega á norrænu eyjasamfélögum.

Í þessu sambandi bendir nefndin á að árið 2022 kom út skýrslan „Sjálfsnægtir um matvæli í fimm norrænum eyjasamfélögum“ sem hafði það markmið að gefa aukna innsýn í það hvort og hvernig auknar sjálfsnægtir um matvæli gætu stuðlað að sjálfbærari og traustari matvælakerfum í norrænu eyjasamfélögum Borgundarhólmi, Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og Álandseyjum.

Nefndin bendir á að forsendur eyjasamfélaganna fyrir matvælaframleiðslu eru mismunandi og aðstæður matvælakerfanna eru mismunandi. Veðurfar, aðgengi að hentugum landbúnaðarsvæðum og sjávarsvæðum og ólíkar matarhefðir og menning gegna þar hlutverki. Nefndin telur þessa skýrslu einnig vera viðeigandi í samhengi norræns samstarfs um viðnámspol og sjálfbæra matvælaframleiðslu.

Kiruna, 25. júní 2024

*Tove Elise Madland (A)*

*Johan Andersson (S)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Åsa Karlsson (S)*

*Ola Elvestuen (V)*

*Emma Berginger (MP)*

*Kari-Anne Jønnes (H)*

*Staffan Eklöf (SD)*

*Himanshu Gulati (FrP)*